Ed. **48. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 57, 22. nóv. 1907, um vegi.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. gr.

Vegurinn milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Keflavíkur skal vera þjóðvegur og ríkissjóður kosta viðhald hans.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1923.

Ástæður.

Samkvæmt ítrekuðum óskum sýslunefndar Gullbringusýslu, og sýslubúa yfirleitt, er frv. þetta fram borið.

Til stuðnings því má taka það fram, að sýsla þessi byrjaði árið 1904 að leggja vegi um sýsluna, fyrst veginn frá Hafnarfirði til Keflavíkur (38 km.), sem kostaði alls kr. 127327,99. Þar af greiddi sýslan kr. 71727,99, en landssjóður kr. 61200,00. Vanta þannig kr. 10527,99 úr ríkissjóði til þess að hann hafi greitt til vegarins fullan helming, sem þó var tilætlun þingsins í upphafi. Þegar byrjað var á að leggja þennan veg, var Gullbringusýsla, Hafnarfjörður og Kjósarsýsla eitt sýslufjelag, og hefðu því sameinuð getað borið allmikil gjöld til vegalagningar, sem einkum var þörf á suðurkjálka sýslunnar. En smámsaman losaði Kjósarsýsla sig frá og fjekk sinn sjerstaka fjárhag, og þar næst Hafnarfjarðarkaupstaður. Fólkið, sem átti að bera vegakostnað suðurkjálkans, varð nú *meira en helmingi færra,* en þörfin jafnbrýn að leggja vegina áfram. Og þörfin varð þeim mun brýnni, sem ríkissjóður eða Alþingi hætti með öllu að styrkja sjávarsamgöngur í sunnanverðum Faxaflóa. En fyrir nokkuð mörgum árum voru samgöngur á sjó í sunnanverðum Faxaflóa hjer um bil 30 ferðir á ári og styrktar af landsfje.

Síðan árið 1904 hefir sýslan alls lagt vegi fyrir kr. 191036,00. En hún skuldar nú sjálf kr. 97731,65. Þar af föst lán kr. 55677,79 með hæfilegum vaxtakjörum, en afgangurinn er með almennum bankaforvöxtum.

Til viðhalds veginum milli Keflavíkur og Hafnarfjarðar, sem var fullbúinn 1913, hafa gengið kr. 10059,85, fyrir utan endurbygging brúar, 5000 kr., sem bilaði vegna byggingarskekkju í fyrstu.